

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdum greiðslum, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** til að skoða áhrif tekna og búsetuhlutfalls á greiðslur.

Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?	
Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	
Tegund tekna	Tekjutrygging og heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640

Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á grunnlífeyri almannatrygginga.

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Tafla 2. Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar lífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar						
Réttindi	Upphæðir		Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir	mán.	ár	mán.	ár	mán.	ár
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir/grunnlíf.	48.108	577.296	214.602	2.575.220	407.034	4.884.404
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	48.108	577.296	214.602	2.575.220	407.034	4.884.404
Tekjutrygging	154.058	1.848.696	Sjá töflu 1	Sjá töflu 1	401.716	4.820.589
Heimilisuppbót	52.073	624.876	Sjá töflu 1	Sjá töflu 1	401.716	4.820.589
Annað	mán.	ár	mán.	ár	mán.	ár
Framfærsluviðmið* ¹ býr ekki einn	255.834					
Framfærsluviðmið* ¹ býr einn m/heimilisu.	321.678					
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	35.565	426.780	214.602	2.575.220	404.282	4.851.380
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	48.108	577.296	214.602	2.575.220	407.034	4.884.404
Uppbót á lífeyri* ² – 5 til 140% af lífeyri					252.676	3.032.114
Uppbót v/reksturs bifreiðar	17.781	213.372			400.526	4.806.308
Ráðstöfunarfé	77.084	925.008	0	0	118.591	1.423.089

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3.**

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir (grunnlífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	25%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	38,35%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	13,35%
Heimilisuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	12,96%
Ráðstöfunarfé	65%

*¹ **Sérstök uppbót til framfærslu (framfærsluviðmið):** Sérstök uppbót til framfærslu er greidd ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði. Það sem vantar upp á framfærsluviðmiði er þá greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Við útreikning sérstakrar uppbótar eru teknar 65% af tekjum lífeyrisþega, 50% af aldurstengdri örorkuuppbót frá Tryggingastofnun auk 100% af öðrum greiðslum frá Tryggingastofnun. Aðrar uppbætur á lífeyri eru ekki teknar með við útreikning sérstakrar uppbótar.

*² **Uppbót á lífeyri:** Getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning. Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.